

Skólaráð Heiðarskóla

Fundargerð 15. október 2024

Mættir: Inga Brynja Magnúsdóttir, Arnar ???, María Óladóttir, Ragnheiður Garðarsdóttir, Íris Ástþórsdóttir, Klemenzt Sæmundsson, Margrét Eðvaldsdóttir og Lóa B. Gestsdóttir

Fundarritari: María Óladóttir, aðstoðarskólustjóri

Dagskrá fundarins

- Skólabyrjun
- Nýnemar og starfsfólk
- Fjárhagsáætlun
- Starfsáætlun
- Önnur mál

1. Skólabyrjun

Skólustjóri fór yfir skólabyrjunina. Hún talaði um skólaþinguna og fjölda nemenda, afmæli skólans sem var haldið 6. september, markmiðasetningadaginn og heilbrigðis- og forvarnarvikuna.

2. Nýnemar og starfsfólk

Nýnemar – Nemendum fjölga ört, um 30 fleiri nemendur en í vor. Mikil aðlögun en gengur vel.

Nýtt starfsfólk – Þrír nýjir kennarar, 10 nýjir starfsmenn og fjölgun í stjórnendateymi.

Góðan daginn – Lagt upp með að að allir bjóði góðan dag til þess að leggja áherslu á jákvæðni og samvinnu.

Samningar – Það eru lausir samningar hjá kennurum og stjórnendum, mikill einhugur í fólki.

3. Fjárhagsáætlun

Launaáætlun – Skólustjóri hefur farið á fund með sviðstjóra til þess að ræða launaáætlun.

Fjárhagshlutinn – Almennt talar RNB að hækking verði ekki meiri en 4% á öllum liðum.

Samningar – Samningar kennara hafa áhrif á fjárhagsáætlun líka.

4. Starfsáætlun

Lóa fer yfir umbótaáætlun skólans sem var gefin út í sumar. Það sem kemur fram þar er að skólinn ætlar að bæta sig í lestri og lestraránægju, góð samskipti og vellíðan nemenda, fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsmat, farsælt skólastarf með áherslu á starfsþróun kennara.

Starfsáætlun var samþykkt af fundarmönnum.

5. Önnur mál

- Breyting á skólahúsnæði – smíðastofan var minnkuð og búin til ný skólastofa. Það hefur gengið vel og er að mestu leyti tilbúin. Einnig var settur veggur fyrir færanlegan vegg á milli stofu 22 og salarins.
- Fríar skólamáltíðir – Hefur haft þau áhrif að fleiri nemendur borða í hádeginu.
- Ávaxta áskrift hjá Skólamat – Nýjung sem er í boði fyrir nemendur.
- Gróðursetning – Nemendur skólans gróðursettu birkiplöntur við Rósaselstjarnir. Dagurinn gekk mjög vel og voru nemendur okkar til fyrirmyndar.
- Símalaus dagur – Var hluti af Heilbrigðis og forvarnarvikunni. Gekk mjög vel og nemendur voru til fyrirmyndar. Verður klárlega gert oftar.
- Skólastjóri segir frá stofnun lausnateymis. Hlutverk þess er að koma með hugmyndir og lausnir fyrir kennara sem hafa einhvers konar áhyggjur af nemendum eða áskoranir sem þeir standa frammi fyrir. Hefur reynst vel það sem af er ári.
- Rætt um fjölda barna í Frístundarúrræði Heiðarskóla og aðstöðuleysi.
- Ragnheiður talar um muninn á umferðinni við Heiðarbólið. Klemenx talar um að foreldrar séu útsjónasamir, hefur lagast en þó eru einhverjir sem eru enn að skutla við Heiðarbólið. Hugmynd að auglýsa eftir foreldrum til að standa umferðavaktina.
- María minntist á gula daginn og hvernig nemendaráðið styrkti Píeta samtökin

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:25